

Danir banna BPA

- hvað gerum við?

Danir hafa nú fyrstir Evrópuþjóða bannað hið umdeilda efni BPA (Bisphenol-A) í pelum og öðrum vörum ætluðum ungbörnum. Fleiri þjóðir munu nær örugglega fara að dæmi Dana og má t.d. nefna mikinn þrýsting frá sænskum neytendum á þarlend stjórnvöld.

Neytendasamtökin krefjast aðgerða

Neytendasamtökin sendu umhverfisráðherra erindi árið 2009 og kröfðust þess að bannað yrði að selja pela á Íslandi sem innihalda BPA. Umhverfisstofnun var í framhaldinu falið að kanna málið og komst að þeirri niðurstöðu að brýn ástæða væri til að grípa til aðgerða. Hins vegar félli málið undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og var umsögn Umhverfisstofnunar því send til Matvælastofnunar.

Hver vísar á annan

Neytendasamtökin sendu þá erindi til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og kölluðu eftir því að yfirvöld gripu til aðgerða óháð því



Neytendasamtökin krefjast þess að stjórnvöld gripi til aðgerða og banni efnið BPA í pelum. Seljendur eru hvattir til að taka pela sem innihalda efnið úr sölu.

undir hvaða ráðuneyti málaflökkurinn heyrði. Óskuðu samtökin eftir því að ráðuneytið svaraði því hvaða ráðuneyti færi með málaflökkinn og hvort farið yrði eftir umsögn Umhverfisstofnunar. Afrit var sent umhverfisráðherra. Bréfið var sent 28. janúar sl. og enn hefur ekkert svar borist.

Foreldrar velji vörur án BPA

Á meðan engin lög eru til um notkun efnisins hér á landi er foreldrum ráðlagt að skoða sérstaklega hvort BPA sé notað í pela og plastglös fyrir ungbörn, en seljendur ættu að hafa upplýsingar um það. Þá taka sumir framleiðendur sérstaklega fram ef vörur þeirra eru án BPA. Seljendur eru auk þess hvattir til að hætta sölu á pelum sem innihalda BPA. Neytendasamtökin munu fylgja málinu eftir og berjast fyrir því að íslensk stjórnvöld taki dönsk sér til fyrirmyndar í þessu efni.

Ítarlega var fjallað um BPA og skaðleg áhrif þess í Neytendablaðinu, 1. tbl. 2009.

BPA tengt getuleysi



Áhrif BPA á kynhormón karla valda áhyggjum.

Ný rannsókn hefur leitt í ljós samhengi á milli ris- og sáðlátsvandamála og efnisins BPA (Bisphenol-A). Rannsóknin tók til 634 verkamanna í Kína sem allir unnu verksmiðjustörf og var hluti þeirra í snertingu við BPA starfs síns vegna en hinir voru það ekki. Hóparnir tveir voru síðan bornir saman og var niðurstaðan sú að þeir sem unnu með BPA voru fjórum sinnum líklegri en hinir til að upplifa risvandamál og sjö sinnum líklegri til að eiga í erfiðleikum með sáðlát. Ekki er alveg ljóst hvers vegna BPA hefur þessi áhrif en ein skýringin getur verið sú að efnið, sem vitað er að veldur hormónaröskun, líki eftir estrógeni og komi í veg fyrir að testosterónið virki sem skyldi.

Dr. De-un Li hjá Kaiser Permanente's Division of Research í Oakland í Kaliforníuríki fór fyrir rannsókninni. Hann segir að hingað til hafi rannsóknir ekki sýnt fram á skaðleg áhrif BPA á fólk enda hafi þær allar verið gerðar á dýrum. Yfirvöld hafa lítið aðhafst og þessi rannsókn mun að öllum líkindum ekki breyta því þar sem mennirnir sem fundu til einkenna voru í snertingu við mun meira magn af BPA en gengur og gerist hjá venjulegu fólki. Dr. Li segir nauðsynlegt að gera fleiri rannsóknir til að meta hvar mörkin liggi, þ.e. hversu mikið magn af efninu þurfi til að valda fólki skaða. Þá verði einnig að fá úr því skoríð hversu skaðlegt efnið er til þess að hægt verði að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og lagasetningar. Sumir sérfræðingar hafa bent á að vandamálið fari ekki endilega eftir magni efnisins í líkamanum. Lítið magn af BPA geti hugsanlega verið skaðlegra en stórir skammtar þar sem hormónin sem líkaminn er vanur að bregðast við séu einmitt til staðar í mjög litlum mæli.